

2021-2022

Umbótaáætlun Akurskóla



Virðing – Gleði – Velgengni

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Læsi og lestur	3
Þörf fyrir umbætur	3
Markmið	3
Áætlun um aðgerðir	3
Hvað hefur verið framkvæmt?	3
Mat á árangri	4
Umræður um umbótaþátt.....	4
Heilsuefandi grunnskóli	5
Þörf fyrir umbætur	5
Markmið	5
Áætlun um aðgerðir	5
Hvað hefur verið framkvæmt?	5
Mat á árangri	5
Umræður um umbótaþátt.....	6
Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur efla sig í starfi	7
Þörf fyrir umbætur	7
Markmið	7
Áætlun um aðgerðir	7
Hvað hefur verið framkvæmt?	7
Mat á árangri	7
Umræður um umbótaþátt.....	8
Betur sjá augu en auga – Eflum nemendur	9
Þörf fyrir umbætur	9
Markmið	9
Áætlun um aðgerðir	9
Hvað hefur verið framkvæmt?	9
Mat á árangri	10
Umræður um umbótaþátt.....	10

Inngangur

Þetta skjal er umbótaáætlun Akurskóla og er áætlun um þær aðgerðir sem starfsfólk skólans ætlar að ráðast í á komandi mánuðum og árum til að gera gott skólastarf enn betra.

Mat á því hvaða umbætur er ráðist í byggir fyrst og fremst á sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2020-21 en einnig sameiginlegum ákvörðunum um breyttar áherslur og/eða vinnulag alls skólasamfélagsins.

Sjálfsmatsskýrsla Akurskóla, umbótaáætlun, starfsáætlun skólans og skólanámskrár eru tengd skjöl. Sjálfsmatsskýrslan er rituð út frá niðurstöðum innra- og ytra mats á skólastarfinu. Fyrst og fremst er byggt á niðurstöðum formlegra athugana og kannana á ýmsum þáttum skólastarfsins sem reglubundið eru lagðar fyrir og ýmsum prófum og skimunum sem meta árangur nemenda.

Umbótaáætlunin er síðan viðbrögð við sjálfsmatsskýrslunni. Öll þessi skjöl eru hagnýt gögn sem taka breytingum frá ári til árs og halda utan um skólaþróunina.

Í Skólanámskrá og starfsáætlun skólans má finna þau markmið sem stefnt er að í skólastarfinu.

Köflunum um umbótaþættina er skipt upp í sex kafla.

1. Þörf fyrir umbætur sem greinir frá ástæðum þess að ráðist er í umbætur á þessum þætti skólastarfsins.
2. Markmið sem greinir frá að hverju er stefnt.
3. Áætlun um aðgerðir greinir frá því hvað skólinn ætlar að gera til að ná settum markmiðum.
4. Hvað hefur verið framkvæmt greinir frá því hvað hefur verið framkvæmt síðast liðin misseri og skiptir máli með framhaldið.
5. Mat á árangri greinir frá hvernig á að meta árangur.
6. Umræður um umbótaþátt fjallar almennt um umbótaþáttinn og þá umræðu sem hefur farið fram innan skólans um hann bæði í tengslum við sjálfsmatið og vinnslu umbótaáætlunar.

Læsi og lestur

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur og verkefnastjóri læsis ásamt leiðtoga í byrjendalæsi

Þörf fyrir umbætur

Undanfarin ár hafa lesfimi niðurstöður Akurskóla verið undir þeim viðmiðum sem Menntamálastofnun setur. Bæði hafa of margir nemendur ekki náð lágmarksviðmiðum og einnig vantar okkur að efla enn frekar þá nemendur sem skara fram úr.

Markmið

- Að efla byrjendalæsiskennslu
- Að nemendur Akurskóla nái lesfimi viðmiðum Menntamálastofnunnar
- Að efla kennslu í lesskilningi
- Að auka áhuga nemenda á lestri

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Símenntun kennara	Stjórnendur	Allt skólaárið í gangi
Áhugahvetjandi lestrarverkefni	Verkefnastjóri læsis	Allt skólaárið í gangi
Mennta nýjan leiðtoga í Byrjendalæsi	Leiðtogi Byrjendalæsis	Vor 2022
Byrjendalæsisvinnufundir með umsjónarkennurum	Leiðtogi Byrjendalæsis	Sept. og nóv. 2021, feb. og apr. 2022
Utanumhald og eftirfylgni Byrjendalæsis	Leiðtogi Byrjendalæsis	Allt skólaárið
Lesferill námskeið	Menntamálastofnun	Allt skólaárið í gangi
Rýni í niðurstöður lesfimiþrófa	Umsjónakennarar með aðstoð verkefnastjóra læsis	Sept. 2021, janúar 2022 og maí 2022
Eftirfylgni í kjölfar lesfimiþrófa	Umsjónakennarar með aðstoð verkefnastjóra læsis	Sept. 2021 og janúar 2022
Skólaslit – lestrarverkefni í samstarfi við Ævar Þór	Verkefnastjóri læsis	Haust 2021

Hvað hefur verið framkvæmt?

Frá haustinu 2020 hefur verið einstaklingsmiðuð eftirfylgni eftir að niðurstöður lesfimiþrófa liggja fyrir. Umsjónakennarar ásamt verkefnastjóra læsis hafa rýnt í niðurstöður og ákveðið næstu skref fyrir hvern og einn. Unnið hefur verið að því að auka áhuga nemenda á lestri til dæmis með ýmiskonar lestrarverkefnum með það að markmiði að gera lestur að eftirsóknarverðum hluta af hverjum degi. Menntun nýs leiðtoga í Byrjendalæsi hófst haustið 2020 og starfar hann samhliða námi sem leiðtogi. Hann mun stýra vinnufundum með kennurum yngsta stigs þar sem unnið verður með markmiðssetningu í kennsluáætlunum, gagnvirkan lestur, fjölbreyttar aðferðir í læsiskennslu og enduruppbyggingu vikulegs gæðatexta í formi ritunar. Sem og utanumhald og eftirfylgni Byrjendalæsis í skólanum.

Mat á árangri

Niðurstöður skimana og prófa skoðaðar um leið og þær liggja fyrir. Niðurstöður birtar í sjálfsmatsskýrslu vorið 2022 þar sem metið er hvort viðmið hafi náðst.

Umræður um umbótaþátt

Akurskóli er Byrjendalæsissskóli og með enn frekara utanumhaldi og eftirfylgni teljum við að hægt sé að styrkja grunnstoðir læsis enn frekar og náð ásættanlegum árangri. Lesfimiþrófin frá Menntamálastofnun eru mjög góð tæki til að fylgjast með framförum nemenda í lestri. Sjálfsagt er að fylgja þeim viðmiðum sem sett hafa verið fram. Niðurstöður prófanna gefa góða og skýra mynd af stöðunni og einfalda kennurum að hjálpa nemendum að bæta sig.



Heilsueflandi grunnskóli

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur, leiðtogi og teymi

Þörf fyrir umbætur

Menntun er mikilvæg fyrir heilbrigði og velferð en líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði er sérlega mikilvæg forsenda fyrir námi og góðum námsárangri. Heilbrigði og velferð er einn af sex grunnþáttum í Aðalnámskrá grunnskólanna. Það ætti því að vera skólum í landinu til mikils hagræðis að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli þar sem það hjálpar viðkomandi skólum að uppfylla einn af grunnþáttum Aðalnámskrár.

Markmið

- Að stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans.
- Að setja fram heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf.
- Að vinna í anda heilsueflandi grunnskóla þar sem lykilþættirnir, nemendur, nærsamfélag, hreyfing og öryggi, mataræði og tannheilsa, heimili, geðrækt, lífsleikni og starfsfólk tengjast skólastarfinu á markvissan hátt.
- Að bæta námsárangur nemenda.

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Aðgerðaáætlun á gátlistunum Geðrækt og Starfsfólk	Teymi	Haust 2021
Unnið að gátlistum Geðræktar og Starfsfólks	Teymi	Allt skólaárið
Meta og viðhalda stöðu í öðrum gátlistum	Teymi	Allt skólaárið
Mótun aðgerða næsta skólaárs	Teymi	Vor 2022

Hvað hefur verið framkvæmt?

Innleiðing hefur verið lokið. Næsta skólaár fer í að ljúka framkvæmd við gátlistana Geðrækt og Starfsfólk. Það er margt á þeim gátlistum sem er nú þegar komið í fulla framkvæmd. Þannig að þetta skólaár fer í að bæta þau atriði í Geðrækt og Starfsfólk sem ekki er komið í fulla framkvæmd ásamt því að viðhalda stöðu skólans í öðrum gátlistum.

Mat á árangri

Niðurstöður úr göngum í skólann, Ólympíuhlaupi ÍSÍ, þátttöku nemenda í mataráskrift, þátttaka starfsfólks í lífshlaupinu og niðurstöður úr skólapúlsinum.

Umræður um umbótaþátt

Þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólk.



GLEÐI

Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur efla sig í starfi

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur

Pörf fyrir umbætur

Það er mikilvægt að almennir starfsmenn skóla/stuðningsfulltrúar upplifi sig sem hluta af skólalastarfinu og lærdómssamfélagi skólans. Stuðningsfulltrúar vinna oft með mest krefjandi nemendum skólans og sinna mikilvægu hlutverki í frímínútum og frístund. Það skiptir því miklu máli að þessir aðilar fái að efla sig í starfi.

Markmið

Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar að gefa starfsmönnum tækifæri til að efla sig í starfi. Hins vegar að stuðla að því að þátttakendur verði virkir og viðurkenndir í námssamfélögum á sínum starfsvettvangi. Verkefnið byggist á því að þátttakendur safni að sér hagnýtum hugmyndum og aðferðum til að nýta í starfi með fjölbreyttum hópi barna og ungmenna. Starfsmenn fá tækifæri til að ræða og prófa ýmsar leiðir til að efla sig í starfi og samstarfi.

Við lok verkefnisins geti starfsmenn:

- Gegnt hlutverki leiðtoga og miðlað hugmyndum og aðferðum til jafningja í eigin skóla eða frístundamiðstöð með samtali, endurgjöf og ígrundun um breytta starfshætti.
- Gert sér betur grein fyrir stöðu sinni, ábyrgð og hlutverki á vinnustaðnum.
- Nýtt sér hagnýtar leiðir til að stuðla að þátttöku barna og unglunga með ólíkar þarfir.
- Nýtt sér skapandi og fjölbreyttar leiðir til að takast á við áskoranir og krefjandi aðstæður.
- Tekið þátt í og mótað samstarf af öryggi á þeim forsendum sem starf þeirra byggir á.

Áætlun um aðgerðir

Þátttakendur taka þátt í námskeiði sem er sex lotur og hver lota er 2,5 klukkustundir að lengd. Í helmingi lotanna, taka einnig þátt í námskeiðinu stjórnendur skólans/frístundastarfsins (1. lota) og svo helstu samstarfsaðilar stuðningsfulltrúans (í 1., 5. og 6. lotu). Helsti samstarfsaðili getur verið umsjónarkennari, stjórnandi í skóla, forstöðumaður frístundamiðstöðvar, deildarstjóri eða fagfólk í stoðþjónustu.

Á milli lota vinna þátttakendur með hagnýtar kveikjur námskeiðsins í hópi samstarfsfólks og flétta þannig viðfangsefnin við daglegt starf. Í upphafi hvers lotu er farið yfir reynslu þátttakenda frá því í síðustu kennslulotu.

Hvað hefur verið framkvæmt?

- Höfum boðið upp á fyrirlestra um vellíðan í vinnu.
- Tryggt að starfsmenn skóla hafi aðgang að sem flestum fyrirlestrum og námskeiðum sem eru í boði á skólatíma.
- Hresst upp á starfsanda með litlum gjöfum og veitingum á kaffistofu.

Mat á árangri

- Fylgst verður með fjarvistum starfsmanna.
- Vinnustaðagreining á vegum Reykjanesbæjar.

- Starfsmannasamtöl í febrúar.

Umræður um umbótaþátt

- Velliðan á vinnustað skiptir miklu máli og dregur úr fjarvistum.
- Fleiri verkfæri í vinnu með börnum eykur sjálfstraust.
- Það að hitta aðra í sömu stöðu í öðrum skólum eykur víðsýni og starfsmenn fá nýjar hugmyndir.
- Gott að hafa mörg verkfæri til að takast á við streitu og álag í starfi.



VIRÐING

Betur sjá augu en auga – Eflum nemendur

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur

Pörf fyrir umbætur

Ein af aðaláherslum skólans er að bæta námsárangur skólans í heild og að hver og einn nemandi nái hámarksárangri. Það er mikilvægt að allir aðilar skólasamfélagsins séu samstíga að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir, styðja hvern annan og ýta nemendum áfram til árangurs. Þá hafa nemendur mælst lágt í trú á eigin vinnubrögðum, sjálfáliti og stjórn á eigin lífi.

Markmið

Kenna og leiðbeina kennurum með að rýna kennslu, nám og úrræði til gagns, einbeita sér að lausnum í skólanum og kynnst nýrri tækni á fundum. Nýta skimanir sem til staðar eru og kortleggja það sem er í boði nú þegar ásamt að búa til nýtt efni.

Þjóða nemendum upp á fyrirlestra sem styrka þá í námi og efla sjálfstraust og sjálfsöryggi.

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Tími
Fyrirlestrar og námskeið um bekkjarstjórnun, fjölbreytta kennsluhætti og teymiskennslu.	Stjórnendur	Allt skólaárið
Fyrirlestrar og námskeið um skipulag á fundum og hlutverk kennara. Jigsaw learning.	Stjórnendur	Allt skólaárið
Vinnufundir þar sem kennarar vinna saman lausnarkort.	Stjórnendur	Allt skólaárið
Hver er köllun þín, fyrirlestur Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur.	Stjórnendur	Haut 2021
Bjarni Fritz – Vertu óstöðvandi, fyrirlestur fyrir nemendur.	Stjórnendur	Haut 2021
Þorgrímur Þráinsson. Fyrirlestur fyrir nemendur í 10. bekk.	Stjórnendur	Haut 2021

Hvað hefur verið framkvæmt?

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða á starfsmannafundum og deildafundum um líðan nemenda og hvernig er hægt að mæta nemendur þar sem þeir eru staddir. Stjórnendur hafa staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum og fræðsluerindum um nám og kennsluhætti. Kennarar hafa verið duglegir að sinna símenntun.

Mat á árangri

- Niðurstöður Skólapúlsins verða skoðaðir með tilliti til líðan nemenda.
- Starfsmannasamtöl. Spurt út í gagnsemi og nýtingu aðferða
- Tekið saman að vori hvað hefur verið sett niður af leiðum til að mæta nemendum.

Umræður um umbótarátt

- Líðan nemenda skiptir miklu máli fyrir allt nám.
- Úrræði kennara inni í kennslustofunni eru mikilvæg því ekki er hægt endalaust að auka stuðning eða senda í sérkennslu. Það er ekki þörf á því fyrir alla.
- Trú á eigin getu og sjálfstraust er mikilvægt upp á áframhaldið hjá nemendum okkar.